

Bókasafn og upplýsingaþjónusta LHÍ Ársskýrsla 2006-2007

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann.

Hlutverk:

Hlutverk þess er að veita nemendum, kennurum og starfsfólki skólans, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni upplýsinga um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, geisladiskum og nótnabókum. Starfsmenn leiðbeina notendum um notkun safnsins og aðstoða þá við leit að upplýsingum í rafrænum gagnaböndum.

Starfsemi og þjónusta

Opnunartími safnsins á síðasta skólaári var:

Skipholt – mánudaga til föstudaga kl. 8.30-16.00

Sölvhólgata – mánudaga til föstudaga kl. 8.00-16.00, miðvikudaga til kl. 18.00.

Laugarnes – mánudaga til föstudaga kl. 9.00-16.30, miðvikudaga til kl. 18.00.

Starfsmenn:

Voru 6 samtals í 5.0 stöðugildum. Forstöðumaður Lísu Z. Valdimarsdóttir (1.0), bókasafnsfræðingar: Berglind Hanna Jónsdóttir (1,0), Sigrún Sveinsdóttir (0.8), og Jóhanna Margrét Diðriksdóttir (0.7). Bókaverðir voru Riina Pauliina Finnsdóttir (1.0) og Huginn Þór Arason (0.5), sem leysti Bryndísi Erlu Hjálmarsdóttur af sem var í fæðingarorlofi allan veturinn. Að auki hóf Rós Pétursdóttir (0,8) störf við afritun á hljómplötusafni Halldórs Hansen í janúar á þessu ári. Hljómplötusafnið og vinna við það er hluti af bókasafninu.

Lánþegar:

Lánþegar safnsins voru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk skólans. Aðrir lánþegar voru kennarar og nemendur annarra skóla, auk almennings.

Skráðir lánþegar voru samtals 549 .

Tafla 1. Lánþegar eftir tegund.

Tegund:	Fjöldi
Nemendur	389
Kennarar	79
Starfsfólk	41
Aðrir	69
Samtals:	578

Haustið 2006 var ákveðið að setja myndir af öllum lánþegum í bókasafnskerfið Gegni, en það auðveldar vinnu við útlán.

Útlán:

Útlán voru samtals 11.173 í öllum útibúum safnsins skólaárið 2006-2007. Þetta er rúmlega 25% aukning frá árinu áður. Þau skiptust niður á útibúin:

Tafla 2. Útlán eftir útibúum skólaárið 2006-2007.

Útibú:	Fjöldi
Skipholt	3.436
Sölvhólgata	3.801
Laugarnes	3.909
Samtals:	11.173

Útlánnum skólaárið 2005-2006 hafði fjölgað um 20% frá árinu áður. Þannig að þessar tölur sýna töluverða aukningu síðustu tvö ár. Útlán skólaárið 2005-2006 voru eftirfarandi:

Tafla 3. Útlán eftir útibúum skólaárið 2005-2006.

Útibú:	Fjöldi
Skipholt	3.270
Sölvhólgata	2.520
Laugarnes	3.145
Samtals:	8.935

Þessar útlánatölur eru all sérstakar í ljósi þess að útlánnum á bókasöfnum landsins hefur fækkað síðustu ár. Notendur virðast vera að nota þjónustu bókasafna á annan hátt en í útlánnum á bókum.

Safnkostur:

Eintakafjöldi (bækur, nótur, myndbönd/DVD og geisladiskar) safnsins sem skráður hefur verið í bókasafnskerfið Gegni var við lok skólaársins samtals 29.815. Er það um 28% aukning frá árinu áður.

Í stefnumótum Listaháskóla Íslands 2004-2008 er stefnt að því að bókasafnið nái lágmarksstærð háskólabókasafna (30.000 eintök) í lok árs 2008, þannig að þeim áfanga verður náð fyrir það.

Tafla 3. Eintakafjöldi í útibúum.

Útibú:	Fjöldi
Skipholt	9.510
Sölvhólgata	13.068
Laugarnes	7.237
Samtals:	29.815

Nýtt efni á safninu var óvenju mikið á árinu og má þar m.a. nefna ríflega úthlutun úr styrktarsjóði Halldórs Hansens til innkaupa á nótum og tónlistarbókum til tónlistarsafnsins.

Listar yfir nýtt efni var sendir starfsmönnum, kennurum og nemendum mánaðarlega í tölvupósti. Nýjung var að skipta listunum niður eftir deildum og setja tímarit á þá.

Tímarit:

Safnið var áskrifandi að tæplega 100 tímaritatitlum á prenti skólaárið 2006-2007. Einnig var aðgangur að um 8.500 rafrænum tímaritum í gegnum Landsaðgang á Hvar.is.

Leikhandrit og annað efni:

Auk eintakafjölda í Gegni á safnið um 3000 leikhandrit, stórt úrklippu- og heimildasafn, plakatasafn og stórt myndasafn (skyggjur og ljósmyndir).

Vinna við að skrá leikhandrit safnsins í Gegni hófst vorið 2007 og stefnt er að að henni ljúki vorið 2008. Það er stefna safnsins að koma sem mestu efni í Gegni og hægt er.

Gjafir:

Gjafir bást reglulega þetta skólaár eins og önnur. Tekið er á móti öllum gjöfum með þeim formkjum að safnið leyfi sér að grísa úr þar sem það telur vera hægt að nota. Oft er um dánarbú að ræða en mest megnis eru þetta bækur og sýningarskrár sem deildarforsetar og kennarar fá í heimsóknnum sínum erlendis auk gjafa frá stofnunum. Stærstu gjafirnar þetta skólaárið komu frá i8, RÚV, Þjóðleikhúsinu, Listasafni Íslands og Íslenskri tónverkamiðstöð.

Safn Halldórs Hansen:

Safninu var veitt 3. úthlutun úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen á yfirstandandi skólaári, en sá styrkur hljóðaði upp á 5 milljónir króna. Að þessu sinni voru bæði nótur og tónlistarbækur keyptar inn.

Í janúar á þessu ári var starfsmaður ráðinn í 80% starfshlutfall til að afrita hljómplötusafn Halldórs Hansen yfir á stafrænt form. Reiknað er með að sú vinna taki 2-3 ár.

Gegnir, gagnasöfn og rafræn tímarit:

Það er stefna bókasafnsins að skrá sem mest og hægt er í bókasafnskerfi landsmanna Gegni. Unnið var meðvitað allt árið að því og eiga starfsmenn safnsins hrós skilið fyrir þá vinnu.

Gagnasöfnum í áskrift fjölgaði frá því árið áður, en safnið keypti aðgang að fimm sérhæfðum gagnasöfnum á sviði lista í gegnum CSA (Cambridge Scientific Abstract). Einnig er safnið aðili að Hvar.is, landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Notkun á gagnasöfnum jókst milli ára.

Húsnæði og búnaður:

Engar stórvægilegar breytingar voru gerðar á húsnæði safnsins þetta skólaár. Undirbúningur fyrir flutning bókasafnsins í Laugarnesi hófst þó vorið 2007, en á áætlun var að flytja bókasafn Laugarness í nýtt rými innanhúss, rými við hlið mötuneytis. Þökkun á efni hófst um leið og kennslu lauk vorið 2007.

Önnur starfsemi:

Bókasafnskynningar:

Starfsmenn bókasafnsins héldu nokkrar bókasafnskynningar á skólaárinu. Eins og verið hefur var nýnemakynning að hausti og ítarlegri kynning á bókasafni, safnkosti og þjónustu fyrir 1. árs nemendur allra deilda.

Markaðssetning:

Haustið 2006 ákváðu starfsmenn bókasafnsins að fara í markaðssetningarátak innan skólans til að kynna bóksafnið, hlutverk þess og þjónustu betur. Átakið tókst vel og aukning á útlánum jókst, auk þess sem betri nýting var á upplýsingaþjónustu, gagnasöfnum og lessvæðum.

Ráðstefnur og fundir:

Forstöðumaður safnsins sat nokkra fundi með öðrum háskólabókavörðum landsins og skráningarsérfræðingar safnsins funduðu nokkrum sinnum með öðru skráningarfólki landsins.

Einnig sótti forstöður tvær ráðstefnur erlendis, annars vegar CK-IV (Creative Knowledge IV) ráðstefnu um upplýsingalæsi sem haldin var í Kaupmannahöfn 16. – 18. ágúst 2006 og hins vegar Norræna listbókasafnaráðstefnu (ARLIS) 7. – 9. júní 2007 sem haldin var í Aarhus í Danmörku.

Þrír starfsmenn safnsins sóttu Landsfund bókasafna sem haldin var á Selfossi dagana 6. – 7. október 2006, en hann er haldin annað hvert ár.

6. desember 2007

Lísa Zachrison Valdimarsdóttir,
forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu LHÍ